

Fundargerð umhverfisnefndar

26. október 2018 kl. 13:00

Mætt: Kolbeinn, Marteinn Bóas, Tómas Ingi, Agnar Ingi, Ronja, Alexander, Einar Ási, Stefanía, Unndís, Freyja, Helena, Sigga Vill, Sigga Lára og Þórdís sem ritar fundargerð.

1. Helena býður alla velkomna á fund og fer yfir það sem búið er að gera í umhverfisverkefnum síðan á síðasta fundi. Rætt um verkefnið „Hnatrænt jafnrétti“ sem var þemaverkefni haustannar. Allir sammála um að vel hafi gengið í verkefninu og að allir hafi lært eitthvað nýtt. Rætt um verkefni hvers stigs.
2. Í haust fór 1.2.3. og 10.bekkur í kartöflugarðinn að taka upp kartöflur. Engin kartöflugrös voru sjáanleg en nokkrar kartöflur fundust. Líklegast komst sauðfé í garðinn sem átu grösin. Rætt um hvað er til ráða. Best væri ef hægt væri að koma í veg fyrir að kindur komist á skólalóðina. Skólastjóri ætlar að fara í málið og reyna að fá girðingar í lag.
3. Jól í skókassa er eitt af verkefnum sem umhverfisnefndin stendur fyrir. Hefð er fyrir því að jólapakkinn fari til Úkraínu. Ákveðið að taka þátt í verkefninu í ár. Kassarnir verða að vera tilbúnir helst fyrir 2. nóvember en í síðasta lagi 10. nóvember. Skólastjóri sendir póst á umsjónakennara strax í næstu viku.
4. Önnur mál.
 - a. Skólastjóri biðlar til unglunga um að taka að sér að tæma endurvinnslutunnur á bókasafni, listgreinastofum og ljósritunarherbergi.
 - b. Myndataka umhverfisnefndar.

Fundi slitið 13:30.

Þórdís Þórisdóttir